

Frá: Rótinni, Kristín I. Pálsdóttir, talskona

Til: Velferðarnefnd Alþingis

Dags. 26. október 2023


Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
101 Reykjavík

Efni: tillaga til þingsályktunar um leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum 10. mál

Reykjavík, 26. október 2023

Meðfylgjandi er umsögn Rótarinnar um þingsályktun um leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum.

Virðingarfyllst,
f.h. Rótarinnar



Kristín I. Pálsdóttir
talskona Rótarinnar

Almennt

Róttín þakkar fyrir tækifærið sem hér gefst til umsagnar á frumvarpi um þingsályktunartillöguna og lýsir fullum stuðningi við hana.

[Róttín hefur m.a. þau markmið](#) að vera málsvari kvenna sem eiga sögu um áföll og/eða vímuefnavanda og að beita sér fyrir aukinni velferð og lífsgæðum þeirra og ásamt faglegri stefnumótun um skaðaminnkun, mannréttindi, samkenndarmiðaða nálgun og áfalla- og kynjamiðaða þjónustu. Þá rekur Róttín Konukot neyðarskýli fyrir heimilislausar konur samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg.

Róttín hefur frá stofnun beitt sér fyrir hagsmunum kvenna með sögu um skaðlega vímuefnanotkun, fyrir öflun þekkingar, upplýsinga og úrvinnslu fyrirbyggjandi gagna um málefni kvenna með vímuefnavanda m.a. með rannsókn á reynslu á kvenna af vímuefnaeðferð. Þá er félagið [þátttakandi í Evrópuverkefnum](#) sem stuðla að aukinni þekkingu og bættri stefnumótun í málaflokknum og þjálfar starfsfólk sem vinnur með konum sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi og glíma við vímuefnavanda.

Umsögn um þingsályktunartillöguna

Róttín fagnar mjög framlagðri þingsályktunartillögu enda hefur félagið marghvatt til þess að gæðaviðmið og gæðarammi í þjónustu við fólk með vímuefnavanda og jaðarsett fólk sé til staðar til að tryggja öryggi fólks í viðkvæmri stöðu.

Félagið horfir sérstaklega til kvenna í skaðlegri vímuefnaneyslu sem eru sérstaklega útsettar fyrir yfirráðum og ofbeldi. Nauðsynlegt er að horfa til kynjaðra þátta til þess að tryggja öryggi þeirra.

Mikilvægt er að sjónarmið kvenna séu miðlæg í stefnumótun er varðar fólk með vímuefnavanda. Sameinuðu þjóðirnar benda á að tryggja verði að réttindi kvenna í stefnumótun og að „fíknistefna sé ekki áhrifarík nema með því að takast á við rætur kerfisbundins óréttlætis og mismuni og undirskipi konur í samfélaginu, þar með talið innan fjölskyldunnar, og leiði oft til ofbeldis, jaðarsetningar og drottunar. Jaðarsetning kvenna, fátækt, kynbundið ofbeldi, skortur á atvinnutækifærum og skortur á félagslegri vernd ríkisins, ásamt því að þurfa að halda fjölskyldunni uppi, getur ýtt konum út í fíknitengd afbrot.“¹

Í nýlegri ályktun Róttarinnar um skaðaminnkun og afglæpavæðingu er fjallað um innrætingu í þjónustu við fólk með vímuefnavanda en hugmyndafræðileg innræting „fellur ekki að aðferðum annarsstaðar í heilbrigðis- eða velferðarkerfi og hún ætti ekki að vera hluti af þeirri þjónustu sem greidd er af hinu opinbera“ Þá segir einnig:

.. ennþá þekkist að í þjónustu félagasamtaka sé gerð krafa um að mæta á trúarlegar eða aðrar samkomur sem fela í sér hugmyndafræðilega undirgefni. Slíkar kröfur samrýmast ekki 18. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sp um að allir skuli „fjálsir hugsana sinna, samvisku og trúar“ [6]. Ættu stjórnvöld að innleiða í stefnumótun að komið sé í veg fyrir að slík þjónusta sé keypt af hinu

¹ UN Working Group on the issue of discrimination against women in law and in practice. Sjá: <https://www.ohchr.org/en/news/2019/03/womens-rights-must-be-central-drug-policies-say-un-experts-commission-narcotics-drugs>. Lausleg þýðing.

opinbera. Mannréttindi eiga alltaf að vera þungamiðjan í þjónustu við fólk í viðkvæmri stöðu.²

Lokaorð

Fulltrúar Rótarinnar eru tilbúnar að funda með velferðarnefnd Alþingis til frekari viðræðna um málefni tillögunnar og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins, sé þess óskað.

Þá bendum við á að sl. Vor kom út bókin *Implementing a Gender Approach in Drug Policies. Prevention, Treatment and Criminal Justice. A handbook for practitioners and decision makers* á vegum Pompidou-hóps Evrópuráðsins og er hún öllum aðgengileg á netinu: <https://rm.coe.int/2022-ppg-implementing-a-gender-approach-in-drug-policies-a-pg-handbook/1680a66835>. Talskona Rótarinnar er einn af höfundum bókarinnar.

² Rótin. 2023. Ályktun um skaðaminnkun og afglæpavæðingu. Sjá: <https://www.rotin.is/alyktun-um-skadaminnkun-og-afglapavaedingu/>.